

## Svar

samgönguráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um flutning eldsneytis á Reykjanesbraut.

1. *Hversu margar ferðir hafa verið farnar árlega frá höfuðborgarsvæðinu til Keflavíkurflugvallar með eldsneyti á flugvélar síðustu fimm árin?*

Leitað var til olíufélaganna um svör við 1. og 2. lið fyrirspurnarinnar. Tekið skal fram að ekki fengust fullnægjandi upplýsingar fyrir árið 1994.

Olíuflutningar frá höfuðborgarsvæðinu til Keflavíkurflugvallar á síðustu árum hafa verið sem hér segir:

Ár	1995	1996	1997	1998
Ferðir	2.367	2.847	2.937	3.359

2. *Hversu mikið eldsneyti hefur verið flutt á ári hverju?*

Samkvæmt sömu heimildum hefur verið flutt eftirfarandi magn eldsneytis:

Ár	1995	1996	1997	1998
Lítrar	90.232.142	108.214.438	113.481.993	136.778.586

3. *Hver er áætlaður kostnaður ríkissjóðs vegna slits á vegum er rekja má til þessara flutninga?*

Þessi kostnaður hefur ekki verið áætlaður. Þarna er fyrst og fremst um að ræða kostnað vegna niðurbrots efna í veginum en þess má geta að á mestum hluta leiðarinnar er vegurinn mjög slitsterkur. Þá er einnig rétt að vekja athygli á því að verulegar upphæðir hafa verið greiddar í þungaskatt vegna þessara flutninga.

4. *Hefur slysaþætta á Reykjanesbraut vegna þessa verið metin?*

Reykjanesbraut er alltaf undir eftirliti og skoðun með tilliti til slysaþattu, m.a. hjá Vega-gerðinni. Akstur stórra og þungra bifreiða sem flytja farm er meðal þess sem er athugað.

5. *Hefur verið gert umhverfismat með hliðsjón af hugsanlegum mengunaróhöppum, t.d. við vatnsból á Suðurnesjum, vegna þessara flutninga?*

Ekki er vitað til þess að gert hafi verið slíkt umhverfismat. Þó er talið að mesta hættan sé ekki á sjálfri Reykjanesbrautinni og umferð þar heldur á afleggjaranum til Grindavíkur og á láglandinu í nágrenni Svartsengis en þar er mikil vatnsnotkun og vatni dælt þaðan í miklum mæli.